

# HÉRAÐSNEFND

Sveitarstjórnir Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Ásahrepps gera með sér svofelldan

## samning um héraðsnefnd:

### 1. gr.

Sveitarstjórnir framangreindra sveitarfélaga hafa samþykkt að gerast aðilar að héraðsnefnd Rangæinga sem stofnuð er samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998, 81. gr. sbr. VII. kafla sömu laga.

### 2. gr.

Merki Rangárvallsýslu skal vera merki héraðsnefndar Rangæinga.

### 3. gr.

Héraðsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin með lögum svo og þau verkefni sem varða öll sveitarfélögin og sveitarstjórnirnar fela henni skv. sérstakri samþykkt hvernar sveitarstjórnar.

Kostnaður vegna verkefna héraðsnefndar greiðist úr héraðssjóði.

### 4. gr.

Með samningi þessum tekur héraðsnefndin að sér eftirtalin verkefni sem fyrri héraðsnefnd og sveitarfélögin hafa annast:

- Byggðasafnið og héraðsskjalasafnið í Skógum.
- Fjölbrautaskóla Suðurlands, Selfossi.
- Tónlistarskóla Rangæinga, Hvolsvelli.
- Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi.
- Sjóðir og stofnanir sem fyrri héraðsnefnd hefur verið falið að hafa umsjón og eftirlit með.

Einnig tekur héraðsnefnd við eignum og skuldum héraðssjóðs Rangæinga.

### 5. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna skulu í upphafi hvers kjörtímabils kjósa fulltrúa í héraðsnefnd til fjögurra ára. Kjörgengir eru aðalmenn í sveitarstjórn og framkvæmdastjórar sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Ásahrepps skal kjósa einn fulltrúa en sveitarstjórnir Rangárþings eystra og Rangárþings ytra skal kjósa hver um sig þrjá fulltrúa í héraðsnefnd. Kjósa skal jafnmarga varafulltrúa í héraðsnefnd úr hópi aðalmanna í sveitarstjórn og framkvæmdastjóra sveitarfélaga.

### 6. gr.

Héraðsnefnd skal koma saman til fyrsta fundar eigi síðar en 15. júlí. Oddviti fjölmennasta sveitarfélagsins skal boða nefndina saman til fyrsta fundar en aldursforseti héraðsnefndar setur fundinn og stýrir honum uns oddviti nefndarinnar hefur verið kjörinn en kjörtímabil hans er eitt ár nema héraðsnefnd geri sérstaklega samþykkt um að hann verði kjörinn til fjögurra ára. Kjósa skal varaoddvita til sama tíma.

### **7. gr.**

Héraðsnefnd skal halda tvo reglulega fundi á ári, vetrarfund og vorfund. Vorfund skal halda fyrir 15. júní ár hvert sbr. þó 6. gr. Vetrarfund skal halda eigi síðar en 15. nóvember. Aukafund skal halda ef oddvita héraðsnefndar þykir þurfa eða a.m.k. þriðjungur héraðsnefndarmanna óskara þess.

Um boðun funda og fundarsköp héraðsnefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 eftir því sem þau eiga við sbr. og fyrirmynd félagsmálaráðuneytisins að fundarsköpum sveitarstjórna. Sama er um réttindi og skyldur héraðsnefndarmanna sbr. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

### **8. gr.**

Á vetrarfundi héraðsnefndar skal afgreiða fjárhagsáætlun nefndarinnar fyrir komandi reikningsár sem er almanaksárið. Fjárhagsáætlun skal skipta annarsvegar í rekstraráætlun þar sem tilgreind eru áætluð rekstrarútgjöld og rekstrartekjur og hinsvegar eignabreytingaáætlun þar sem tilgreindar eru allar áætlaðar eignabreytingar s.s. fjárfestingar, afborganir og lántökur. Fjárhagsáætlunin markar fjármálastjórn héraðsnefndarinnar á reikningsárinu og skal tekjuöflun og ráðstöfun fjármagns vera í samræmi við hana svo sem kostur er.

### **9. gr.**

Samþykki 3/4 hluta fulltrúa þarf til að ákvarðanir héraðsnefndar um fjárfestingar, meiriháttar ólögbundin útgjöld og skuldbindingar öðlist gildi. Um slík mál skal fjallað á tveimur fundum nefndarinnar með a.m.k. tveggja vikna millibili.

Kynna skal sveitarstjórnnum sveitarfélaganna slík mál formlega milli funda sbr. 3. gr. samnings þessa.

### **10. gr.**

Á vorfundi skal héraðsnefnd úrskurða ársreikninga nefndarinnar fyrir liðið reikningsár og skulu reikningarnir hafa verið endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem nefndin ræður.

Héraðsnefnd skal kjósa skoðunarmenn sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

### **11. gr.**

Oddviti héraðsnefndar stjórnar fundum nefndarinnar. Nefndin kýs fundarritara úr sínum hópi eða ræður sérstakan fundarritara.

Oddviti skal sjá um að fundargerðir séu skipulega færðar í sérstaka gerðabók m.a. að þar séu skráð öll framkomin mál og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

Fundargerðir héraðsnefndar skulu sendar sveitarfélögunum ásamt fjárhagsáætlun og ársreikningum.

### **12. gr.**

Oddviti héraðsnefndar er framkvæmdastjóri nefndarinnar nema annað sé ákveðið. Héraðsnefndin ákveður hver eða hverjir annist fjárreiður og bókhald nefndarinnar.

### **13. gr.**

Héraðsnefndin getur kosið héraðsráð skipað tveimur fulltrúum úr hópi aðalmanna í héraðsnefnd auk oddvita sem er formaður héraðsráðs. Varamenn skulu kosnir jafnmargir.

Héraðsráð starfar milli funda héraðsnefndar og undirbýr mál fyrir héraðsnefndarfund m.a. drög að fjárhagsáætlun og annast önnur þau mál sem héraðsnefnd felur því.

Um héraðsráð gilda ákv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 eftir því sem við á.

#### **14. gr.**

Tekjur héraðssjóðs eru þessar:

- 1) Tekjur af eignum.
- 2) Lögboðin framlög ríkis og sveitarfélaga til einstakra verkefna.
- 3) Sala á þjónustu.
- 4) Framlög sveitarfélaganna sem árlega skal jafnað niður skiptast þannig:
  - 50% skv. íbúafjölda 1. des. árið á undan
  - 30% miðað við útsvarsstofn árið á undan
  - 20% miðað við fasteignamat 1. des. árið á undan.

Heimilt er að skipta framlögum skv. 4. tl. milli sveitarfélaganna eftir öðrum reglum varðandi kostnað við einstök verkefni sbr. 4. gr. ef gerð er um það sérstök samþykkt sbr. 9. gr.

Sveitarfélögin skulu greiða 1/12 hluta framlagsins fyrir 10. hvers mánaðar. Verði vanskil á greiðslu framlags greiðast dráttarvextir af vanskilafénu í samræmi við ákvæði 32. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

#### **15. gr.**

Sveitarfélög þau sem aðild eiga að héraðsnefnd bera ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum nefndarinnar í sameiningu. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við fólksfjölda nema annað sé ákveðið varðandi einstök verkefni.

#### **16. gr.**

Samning þennan skal endurskoða í síðasta lagi innan 10 ára. Til að breytingar á samningnum öðlist gildi þurfa 2/3 sveitarstjórna sveitarfélaganna að samþykkja þær. Gangi sveitarfélag úr héraðsnefnd eða verði nefndin lögð niður gilda ákv. 84. og 85 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. VII. kafla sömu laga.